

171

20. ágúst

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannfútninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. ágúst 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Páll Pálmason.*

172

23. ágúst

## BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

### I. KAFLI

#### Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla verzlunarlóð Ísafjarðarkaupstaðar, þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, ef byggingarnefnd og bæjarstjórn mæla með því.

##### 2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytingar á því, sem þegar hefur verið gert. Enn fremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

##### 3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum bæjarstjórnar. Byggingarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um öll byggingarleyfi, og hefur umsjón með því að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

##### 4. gr.

1. Byggingarnefnd sé skipuð 5 mönnum samkvæmt bæjarstjórnarlögunum. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir, og undirskrifa allir viðstaddir fundarmenn hana í fundarlök. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.

Gerðabókinni skal fylgja glögg skrá eða registur, svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar, um hverja einstaka eign, er til hennar tekur. Einnig skal haldin lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.

Byggingarnefndarfundur er lögmatgur, ef minnst þrjár nefndarmenn sitja hann, auk bæjarstjóra.

2. Bæjarstjórn skal skipa byggingarfulltrúa, og setja honum erindisbréf með ráði byggingarnefndar. Ef ekki er völ á húsameistara eða verkfræðingi, skal hann vera vanur húsasmiður, eða á annan hátt fengin víska fyrir því að hann sé starfínu vaxinn. Í erindisbréfinu má ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf, er hann leysir af hendi, sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni

þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingarleyfi, skulu hafa lögtaksrétt, og renna þau í bæjarsjóð, en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sítt úr bæjarsjóði. Byggingarfulltrúinn skal hafa á hendi framkvæmd byggingamála, og eftirlit með þeim samkvæmt fyrirætlum byggingarnefndar. 172  
23. ágúst

Skýlt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sé hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrétt á fundum hennar. Hins vegar hefur hann ávallt tillögurétt.

3. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hagsmuna hefur að gæta, að sækja fundi nefndarinnar.
4. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sérfræðings í þeim málum er hana varða, en brestur sérþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27 15. júní 1926 og nr. 64 11. júní 1938, um skipulag kaupþúna og sjávarþorpa, er gerður skipulagsuppdráttur af kaupstaðnum, og fer um skipulagið samkvæmt ákvæðum þeirra laga, og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim.

## II. KAFLI

### Ákvæði um húsagerð.

#### Húsalínur.

6. gr.

Þar, sem húsalína er ákveðin, skal að minnsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsnæðisins.

#### Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að komið sé upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbyggð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem lög þessi ná til.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skuli vera.

Gaddavirsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í hurtu þær gaddavirsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur í gildi.

#### Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en  $135^\circ$  við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sé eigi minna en 2.00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrrgreindum sniðfleti en 0.50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sé með öðru sniði en fyrr er greint, ef það er álitnið æskilegt vegna húsnæðisins.

#### Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband“) má ekki ná lengra en 0.15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðisins.

- 172** Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem byggð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingarnefndar, ná lengra en 0.20 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helming bilsins milli húshliðar og götulínu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

Veggsvaflir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0.80 metra, og eigi má skemmra vera frá stétt eða stíg upp undir slík framskot en 3.00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á, og ekki nær nágranna en  $1\frac{1}{2}$  sinnum dýpt þeirra.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sérstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna hússniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þétt og vatni veitt frá þeim í rennu, sem frá þökum

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0.80 metra út frá ytri brún veggjar.

### Inngöngurið og birtugrófir.

#### 10. gr.

Inngöngurið mega ná allt að 0.20 metra út á götu. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0.60 metra. Yfir þær skal setja þétt lok úr nægilega sterku járn eða gangstéttargleri.

### Um hæð húsa.

#### 11. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsupprætti, skal veggshæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10.00 metrum á steinhúsum, en 8.00 metrum á timburhúsum.

Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, en einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.

2. Veggshæð húsa mælist frá gangstétt eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Séu mishæðir miklar, skal veggshæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

Standi hús við opið svæði, ákveður byggingarnefnd við hvaða stað veggshæðin skuli miðuð.

Ef byggingarnefnd álitur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um veggshæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.

3. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til, að byggja turna, kvisti, gafla og þess konar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en  $\frac{1}{3}$  hluta af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1.50 metra. Að öðrum kosti sé eldvarnaveggur á kvist-

inum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóða- **172**  
mörkum en 3.15 metra, nema eldvarnaveggur sé á þeirri hlið kvistsins, er veit 23. ágúst  
að nágrannahúsi.

### Þakhalli.

#### 12. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri vegg hæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki meiri vera en nemi  $45^\circ$  horni við láréttan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyrr er nefnt, má þakhalli og lögum vera á hvern hátt sem er, ef útlitið að öðru leyti óþrýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0.80 metra.

Byggingarnefnd getur þó ákveðið þakhalla eftir því, sem bezt þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

### Íbúðarhæðir.

#### 13. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meir en 1.25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum.

### Óbyggð lóð og aðgangur að baklóðum.

#### 14. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sé fullnægt.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

- a. þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkum;
  - b. ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húsinu en 15.00 metra;
  - c. í bæjarhverfum, sem byggð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki vera hærrí en tekið er fram í 11. gr. um götuhliðar. Þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi lárétttri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2.50 metrum.
  3. Óþrífalega, óreglulega og þrönga stiga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
  4. Bæjarstjórn getur ákveðið, að óbyggða lóðin skuli vera minni en fyrr er sagt, í þeim bæjarhlutum, þar sem eingöngu eru reist verzlunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
  5. Ekki má gera þak yfir óbyggða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
  6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 1.25 metrar, ef aðeins er um gegnum gang fyrir slöngu að ræða, en 2.50 metrar ef bilfært þarf að vera. Séu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur, sem fyrr segir, nema þeir að öðru leyti séu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

**Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.**

172

23. ágúst

15. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi, að næsta húsi andspænis, nema að jafnaði að minnsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gaflí að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.
2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

**Sameiginleg, óbyggð lóð.**

16. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágranna-húsa séu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð. Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðarskipting kann að hafa í för með sér. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

**Skólþveita.**

17. gr.

Ef skólþveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15 20. júní 1923) er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólþveitu frá húsi sínu í götuveituna, á sinn kostnað.

Undanþágu frá þessu ákvæði getur bæjarstjórn veitt, ef byggingarnefnd álitur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan.

Ekki má veita skólþi eða þakrennsli inn á annars manns lóð, án hans samþykkis. Þó má veita skólþi eða þakrennsli í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafar af lagningu veitunnar, er hús-eigandi skyldur að bæta.

Skólþveita í húsum og utanhúss skal vera algerlega þétt, og þannig að gerð og efni að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar, sigti og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu, eða niður í það komist annað en rennandi vatn.

**Sambygging.**

18. gr.

Í sambyggðum húsaröðum skulu öll hús byggð á lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Byggingarnefnd getur bannað, að hús séu byggð með lágum millibyggingum.

**Undirstöður.**

19. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynna en 1.50 metra í jörð niður, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarveggs og 1 metra af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr stein-

steypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður 172  
timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sé grynnra á 23. ágúst  
lausagrjótið en 0.70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum  
timburhúsum, eða þegar sérstaka ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að  
óhullt sé.

### Varnarlög.

#### 20. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema litilla geymsluhúsa.  
Þar, sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö. Skal hið neðra lagt í alla kjallara-  
veggi 5 sentímetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi  
10—20 sentímetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir  
jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar, sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á  
undirstöður, en ávallt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægi-  
lega varið jarðraka, skal vera minnst 0.40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi,  
og á múrnum vera loftop, minnst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sé að þykkt  
1—2 sentímetrar, eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypa er orðin  
þurr. Í stað jarðbika má nota þakhellur, lagðar í sement eða annað vatnshelt efni,  
sem byggingarnefnd samþykkir. Þar, sem neðsta gólf nemur við jörðu, eða kjallara-  
gólf er í íbúð, skal gólfið allt varið jarðraka á þann hátt, er byggingarnefnd sam-  
þykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um  
„skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

### Eldvarnarveggir.

#### 21. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sam-  
byggð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3.15 metra, skal gera sem eldvarnar-  
veggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3.15 metra, skal gera eldvarnar-  
vegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti, lögðu í sementsblöndu.  
Þeir skulu ná 0.16 metra upp fyrir þak, eða fast að yzta lagi á þaki (bárujárn,  
hellum o. þ. h., sjá 11. lið þessarar greinar), og mega hvergi þynnri vera en 0.20  
metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykkt þeirra í hvert skipti. Á  
þeim mega hvorki vera gluggar né önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur  
við bæði húsinn og tekur 0.16 metra upp fyrir þak herra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar,  
enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur að innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs  
en að 0.23 metrar séu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið má þó steypa í  
vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma  
að dómi byggingarnefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig  
um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði  
ekki lakara en útvegja úr steini.

- 172** 9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eiganda geti rifið vegginn meðan annað húsið stendur.
23. ágúst 10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er byggingarnefnd tekur gilt.
11. Í sambyggðum húsaröðum skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alls staðar ná fast upp að yzlu húð þaksins (bárujárn, hellum o. þ. h.), en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þéttara en á 60.00 metra millibili, þegar um steypuhús með steypnum loftum er að ræða.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei vera minni en 0.18 metrar.

### Þök.

#### 22. gr.

- Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en  $10 \times 10$  sentimetrar ( $4'' \times 4''$ ), þegar hafið er allt að 3.15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0.32 metra, sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1.3 sentímetra gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hér er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.  
Bilið á milli sperra, talið frá miðju og á miðju, má vera allt að 1.00 metra, undir málm- og pappabök á timbursúð, en allt að 0.80 metra undir torf, hellu og steinþök.
- Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki séu þynnri en  $2\frac{1}{2}$  sentímetri ( $1''$ ) og þar yfir bikpappi og bárujárn, ekki þynnra en 34 B. W. G. eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.
- Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
- Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

### Trébitar, trégólf og milligólf.

#### 23. gr.

- Trébitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjállir en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sé að meðaltali ekki yfir 0.80 metra og hvergi meira en 1.05 metra.  
Þar, sem milligólf er, skulu trébitar ekki grennri vera en 0.16 metra ( $6''$ ) á hæð og 0.13 metra ( $5''$ ) á breidd, þegar bitahafið er allt að 3.15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2.5 sentímetra, og breidd um 1.3 sentímetra fyrir hverja 0.63 metra, sem hafið fer fram úr 3.15 metrum.  
Þar, sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1.3 sentímetrum grenni en hér er ákveðið. Nota má bita með öðrum gildleik en hér er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir séu skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skurðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.
- Séu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minnsta kosti þriðji hver biti festur við vegginn í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á þriggja metra bili inn í bitalög.
- Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3.2 sentímetra ( $1\frac{1}{4}''$ ).  
Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur. Í gólf og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 2

sentímetra ( $\frac{3}{4}$ "), er fest sé annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót á hlið þeirra, enda séu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentímetra þykkt lag af deiglumó, móhelli, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara né veldur óheilmæmi eða fúa, og sé það þurrt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sé gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnæir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar, sem milligólf er undanfellt, skal gólfíð vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem byggingarnefnd tekur gilt.

4. Þar, sem bitar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.
5. Endabitar mega ekki liggja nær útvegg en 5 sentímetra og gólf ekki nær en 2 sentímetra.

### Stigar.

#### 24. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5.00 metra. Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir á þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi byggingarnefndar eru aðallega notuð til verzlunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri sé en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sé gert eldtraust.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarrar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sé greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 33. gr., ef byggingarnefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sérstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða á hurðinni. Byggingarnefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járnungerð.

Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sérstöku stigahúsi.

Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr tré, eða þiljur á veggjum, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar.

2. Allir tréstigir skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.
3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0.20 metra, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steypfir í, þannig, að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 34. gr., 3. c.
4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 1.00 metri, og bakstigi ekki mjórri en 0.66 metra. Þó getur byggingarnefnd leyft, að í minni húsum sé aðalstigi 0.75 metra á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).

172  
23. ágúst

5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0.80 metra há, með svo þéttum spelum, að ekki sé hættá á að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða á milli handriða, ef tvö eru.  
Ef veggir eru beggja megin að stiga, má ekki mjórri vera á milli þeirra en 0.80 metra á smáum húsum og 1.00 metri í stærri húsum.  
Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2.00 metrar, og skal hafa vídd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð á minni húsum, ef nauðsyn þykir.
7. Stigar skulu svo gerðir, að hvert skref í þeim sé 0.63 metrar. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárétt milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0.50 metrar, þótt stiginn sé breiðari en 1.00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig á aðalstiga má ekki vera mjórri en 0.23 metrar, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og bakstigum ekki mjórri en 0.17 metrar.
8. Ef sérstakir örðugleikar eru á því, að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hættá af.
9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

#### Eldtraustur umbúnaður.

25. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

- a. að allir veggir, loft og gólf séu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust;
- Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr tré.
- b. að allir stigar og stigagöng, og göng, sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, séu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr tré;
- c. að stigagöng og göng að þeim séu ekki í beinu sambandi við búð, vörugymslu eða verkstæði.

#### Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

26. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega aldrei opnast út fyrir götulínu. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

**Þakgluggar.**

27. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sé að minnsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en  $0.50 \times 0.50$  metra. Bæði glugginn og karmurinn sé úr járni eða klætt eldtraustu efni.

172

23. ágúst

**Þakrennur.**

28. gr.

Á öllum húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sé í mesta lagi 0.16 metra fyrir ofan gangstétt eða götu.

Sé holræsi frá húsinu, skal þakvatni veitt í það neðanjarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd krafizt þess, að settar séu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykkt þessi gengur í gildi.

**Reykháfar og sóphurðir.**

29. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu eða á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða á palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trébitum.
  2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sérstakar ástæður komi til greina og leyfi byggingarnefndar sé fengið í hvert sinn.
  3. Hliðar reykháfsins skulu að minnsta kosti vera 0.12 metra á þykkt, og vidd hans að innanmáli eigi minni en 0.23 metra á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0.18 metra vidd, ef eldstæði eru ekki fleiri en þrjú.
  4. Þar, sem reykháfur gengur í gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegn um þak, og skal vera að minnsta kosti 0.17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.
- Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og víða, ekki minna en 0.23 metra, og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og víða. Ekki má þilja reykháf utan né klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Byggingarnefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista utan um reykháfinn.
5. Reykháfur má hvergi hallast meira en  $45^\circ$  frá lóðréttri línu, skal hann þá hvíla á múr eða tréskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sé ekki nær skorðunni en 0.23 metra.

Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygju-una, skulu kringd.

6. Reykháfur skal ná að minnsta kosti 1 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd í hvert sinn hæðina, og sé hæðin þó ekki minni en 1.50 metra upp frá þaki.

Byggingarnefnd getur ákveðið að verksmiðjuhús og önnur hús, sem mikill reykur kemur frá, hafi hærri reykháfa.

7. Inn í 0.23 metra víðan reykháf má ekki setja reykþípu frá fleiri eldfærum en 8, og skal jafnan hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja þípu, þannig gerð-

172  
23. ágúst

an, að pípan geti ekki ýtzt inn í reykháfinn. Reykháfur sé þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hér er talið.

8. Innanhúss má sérstæður reykháfur standa óstuddur á allt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur að ummáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að byggingarnefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan og víðan, sem byggingarnefnd ákveður. Ef byggingarnefnd álitur að hæð sú, er ákveðin hefur verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafizt þess, að reykháfurinn sé svo gerður, að unnt sé að hækka hann síðar.  
Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun byggingarnefndar, án tillits til þess hvenær reykháfurinn var gerður.
10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, og engin eldhætta stafar af.

### Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykpípur.

30. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir sé þéttir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergið er lægra en 2.00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavélar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0.21 metrar séu á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldavélum mega ekki koma nær tré en svo, að 0.21 metrar séu á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trévegg en 0,21 metra, skal setja minnst 0,12 metra þykkan vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trévegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sé skemur en 0,21 metra frá eldstæði að timbri.
5. Eldavélar má setja á trégólf, ef að minnsta kosti 0.11 metrar eru frá gólfi upp að botni á eldavél og á milli séu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf jafn þykkt, eða að gólfið sé þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steiptum fæti, eða á járnfæti, sem annað hvort er opinn eða fylltur múr eða steypu. Sé rist í botni ofnsins skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minnst 5 millimetra frá gólfi.
7. Þar, sem ofnar eða eldavélar standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minnsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavélina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir séu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa tréloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnþentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir séu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr tré, en ætíð skal svo um húið, að byggingarnefnd telji öruggt fyrir eldhættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykpípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykþípan, á leið út í reykháf, liggja gegnum annað herbergi á lengra

svæði en 4.00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal pípan þá 172  
ætið vera úr steypujárni. Reykpípa má eigi vera nær tré en 0.21 metra. Ef hún 23. ágúst  
liggur gegnum trévegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar  
verði eigi nær tré en 0.21 metra.

Ef hné er á reykpípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til  
að hreinsa pípunna.

### Íbúðarherbergi.

#### 31. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dagsins, skulu full-  
nægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir í herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda  
og raka.
2. Lofthæð skal vera minnst 2.50 metrar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef sér-  
stakar ástæður koma til greina, allt að 0.20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar  
eru sýnilegir skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.
- Í gömlum húsum má þó leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum, þó  
má hæðin aldrei minni vera en 2.15 metrar.
3. Ef herbergi er undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólfleti þess, og  
aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2.30 metra. Byggingarnefnd getur  
þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1.70 metrar, og gólfllöturinn minnst 6 fer-  
metrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnu svæði. Ljósmaal  
glugga má minnst vera  $\frac{1}{12}$  af gólfletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma  
glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að  
hæglega megi opna hann.

### Kjallaraíbúð.

#### 32. gr.

Um kjallaraíbúðir gilda ákvæði laga nr. 57 frá 14. júní 1929, um íbúð í kjöllurum.

### Herbergi til ýmissa nota.

#### 33. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar, skulu hafa nægilegt ljós  
og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema  
byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því, fyrir þá er um  
götuna fara.

Í þvottahúsunum skal vera þétt steypugólf. Þó getur byggingarnefnd veitt undan-  
þágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg vatnssalarni skulu fylgja hverju húsi, þó eigi minna en eitt fyrir  
hverjar tvær fjölskyldur. Gólfllötur salerna skal eigi vera minni en  $0.80 \times 1.00$  metri.  
Þá skal og fylgja hverju húsi klefi með steypibaði eða kerlaug. Enn fremur nægilegt  
húsrúm til geymslu.

### Veggir steinhúsa.

#### 34. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða  
gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig

172  
23. ágúst

í kjöllum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari blöndu en 1:3½:6 (þ. e. einn hluti sements móti 3½ hlutum sands og 6 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvors tveggja). Undirstöðu má gera úr steypu 1:4:8.

Ef notuð er önnur gerð steypu en fyrr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alls staðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyrr segir.

Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin, ófrosin og að öllu leyti óskemmd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentímetra víðan hring.

2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1:3½:6, skal vera sem hér segir:

a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0.22 metra á þykkt, á næstu hæð fyrir neðan 0.25 metra og næstu þar fyrir neðan (í kjallara) 0.32 metra á þykkt.

Ef gólf er úr timbri, skulu veggþykktir vera 0.24, 0.30 og 0.34 metrar.

Ef húsið er porthygg, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0.70 metrum. Sé portið hærra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja, eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáiast nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álitur með þurfa.

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3.00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.

b. Gafflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hér með talið ris) með sömu þykkt og efsta hæð. Gafflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), mega vera 0.21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0.32 metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyrr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyrr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smá skútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyrr er sagt, þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hættu geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0.19 metra þykkir, þó þeir séu þykkari milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0.26 metra.

3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0.16 metra, og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0.14 metra.
- Ef burðarveggir hafa, að dæmi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.
- b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0.12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin þó vera allt að 0.08 metra.
- c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0.18 metra, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.
- d. Ekki má skerða þykkt veggja, sem um getur í a, b og c-lið, á þann hátt, að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur, þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur“) undir þverbita á þaki.
- e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en  $\frac{1}{3}$  af samantlagðri breidd beggja tóftanna báðum megin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvarar  $\frac{1}{8}$  af hæð hans, nema í honum sé járnendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur.
4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyrr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því, sem byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu, eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefur verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið hefur verið í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögu sérfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fulltraustan.
5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini skulu gerðir með sama styrkleika og hér er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um hvort þeirri kröfu sé fullnægt.
6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofanjarðar. Þó nægir að hursta veggi utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.
7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steypdir eru eða hlaðnir úr grásteini, steiptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu, með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.
8. Ekki má múra eða gera steypu í frosti eða úr frosnu efni.

### Steypuloft og steypustigar.

35. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróður maður hafi áður gert áætlun um styrkleika þeirra, þó getur byggingarnefnd veitt und-

- 172 anþágu frá þessu, ef um mjög lítil gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.
23. ágúst Járnhent steypa sé blönduð 1:2:3.

### Veggir timburhúsa.

36. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0.24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0.20 metra. Ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyrr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsbygginga, skal vera vandað og óskemmt.
  - a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3.00 metrum og herbergisdýpt allt að 4.50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en  $10 \times 10$  sentimetrar ( $4 \times 4''$ ), á neðri hæð,  $10 \times 13$  sentimetrar ( $4 \times 5''$ ) og hornstafir  $13 \times 13$  sentimetrar ( $5 \times 5''$ ). Sé hæðin meiri, eða allt að 4.00 metrum, og herbergjadýpt allt að 5.50 metrum, skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um  $2\frac{1}{2}$  sentimetra ( $1''$ ). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleika á stöfum en fyrr er sagt, ef hún álitur, að styrkleikinn verði nægur.

Stafir skulu ekki vera strjálí en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1.25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1.60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sérstaklega.

Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minna en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en  $30^\circ$  við lóðréttu línu. Skorður skulu eigi vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendunum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar“) jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en  $6\frac{1}{2}$  sentimetri ( $2\frac{1}{2}''$ ). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

- b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr plægðum borðum,  $2\frac{1}{2}$  sentimetra ( $1''$ ) þykkur, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

Után á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir.

Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sérstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim. Innan á grind skal settur pappi og plægt þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar ( $\frac{3}{4}''$ ), eða annað lag ekki lakara.

- c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en  $10 \times 10$  sentimetra ( $4 \times 4''$ ) á neðri hæð, og  $8 \times 10$  sentimetra ( $3 \times 4''$ ) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álitur að styrkleikinn sé nógur. Byggingarnefnd getur krafizt gildari við, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staf-  
lægjur, stafi, skorður og spyrnur. 172

- d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari  
að gerð en svo, að þil úr plægðum borðum tveggja sentímetra ( $\frac{3}{4}$ " ) þykkum,  
eða annað lag ekki lakara, sé hvorum megin, og 3.2 sentímetra ( $1\frac{1}{4}$ " ) þykkir  
renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema  
byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggir, sem tveir stigar liggja að,  
skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).
- e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum  
(„battungum“).
- f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa  
ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sérstakt leyfi til.
- g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef  
samur er styrkleikinn eða meiri.

23. ágúst

#### Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

37. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur  
snúi að lóðinni (sbr. 21. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær ná-  
grannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00  
metrar. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sérstakar ástæður  
mæla með því.

#### Stærð timburhúsa.

38. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum  
tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að  
flatarmál fari fram úr 350 fermetrum. Þó getur bæjarstjórn fært bæði þessi há-  
mörk til, þegar nauðsyn þykir.

#### Skemmur og vörugeymsluhús.

39. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og  
þurfa þær ekki hærri að vera en 2,00 metrar, þó má vegg-hæð, mæld upp að skurðlínu  
þaks og veggjar, ekki vera yfir 8,00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða  
vörugeymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi, með eldtraustum veggj-  
um, gólfi og lofti.

#### Glugga- og dyraumgerð.

40. gr.

Glugga- og dyraumgerðir skulu að jafnaði vera gerðar úr plönkum, ekki þynnri  
en 5 sentímetrar (2"). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbónlíni, eða öðru efni ekki  
lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal í útveggjum, sérstaklega  
í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði utan og innan  
ef þörf þykir, eða gera það vatnspétt á annan hátt.

#### Viðhald húsa.

41. gr.

Byggingarnefnd eða bæjarstjórn getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega  
við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

172  
23. ágúst

### Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

42. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð eða byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig er hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvikjandi, sem byggingarnefnd álítur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd eða bæjarstjórn getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

### Hús, þar sem farið er með eldfim efni.

43. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágretta, þá getur byggingarnefnd og bæjarstjórn leyft, að þau séu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1.00 metra frá gólfi, enn fremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smiðahús trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0.20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0.30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum, eða öðru efni jafn eldtraustu.

### Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

44. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggssvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

### Verkpallar o. fl.

45. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

## III. KAFLI

### Byggingarleyfi. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

46. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar, og fá samþykki hennar og bæjarstjórnar til að framkvæma verkið.

Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyrr en hann hefur fengið tilkynningu frá bæjarstjórn um að leyfið sé veitt. Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingarnefndar.

2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingarsamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:

- a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:500, með árituðum stærðarhlutföllum, skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, enn fremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn. 172  
23. ágúst
- b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

Við breytingu á eldri húsum skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

Sýna skal á húsuppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.

- c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafizt, að gerður sé nauðsynlegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.
- d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð er frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynzlu eða annarra orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.
- e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulag grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða, eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlast er til, að séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágranna-eign sé við átt.
4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykkt og eins og uppdrættir sýna.
5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefur kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir.

Þegar byggingarnefnd hefur gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir bæjarstjórn, sem veitir byggingarleyfið.

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsóknin var afhent henni. Sé sýnjað um leyfið, eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að forstaða verksins sé í höndum manns, eða manna, sem fengið hafa löggildingu sem húsasmíðameistarar í einhverjum kaupstaða landsins. Byggingarnefnd og bæjarstjórn, getur þó í einstöku tilfellum veitt undanþágu frá þessu skilyrði, ef um smáhýsi er að ræða.

Leyfi til að veita forstöðu húsabyggingum í bænum, geta þeir einir fengið, sem unnið hafa í það minnsta tvö ár að húsabyggingum, eftir að þeir fengu sveinsbréf.

Byggingarnefnd og bæjarstjórn geta afturkallað viðurkenningu húsasmiðs, sem þrjóskastr við að fara eftir fyrirmælum hennar, eða verður uppvis að broti á byggingarsamþykktinni, eða að óvönduðu eða sviksamlegu verki.

- 172  
23. ágúst
6. Ekki má í neinu vikja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi byggingarnefndar til þess.
  7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum, meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sé jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
  8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
    - a. hvenær byrjað verði á undirstöðum;
    - b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í vegg;
    - c. hvenær þak verður reist á steinhúsi, eða grind í timburhúsi;
    - d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
  9. Bæjarstjórn ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í bæjarsjóð.
  10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.
  11. Öll hús og húshlutar skulu fullgerð að utan, innan tveggja ára eftir að þau eru tekin til notkunar. Þó má veita undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að dómi byggingarnefndar.

#### Um byggingarleyfi, sem fer í bága við samþykkt þessa.

47. gr.

Nú veitir bæjarstjórn byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr bæjarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþykktina, hafi sést ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum, og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda sé hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

#### Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

48. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa, að húsið fullnægi byggingarsamþykktinni.

#### Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

49. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld („skilti“) og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sé ekki til óþrýði. Byggingarfulltrúi hefur eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur bæjarstjórn látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, séu óheilmæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandinn lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur bæjarstjórn, eftir tillögum byggingarnefndar, úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sémilegt verð, ber bæjarstjórn að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

50. gr.

Með samþykki byggingarnefndar má nota önnur efni en til eru tekin í samþykkt þessari.

## IV. KAFLI

## Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

172

23. ágúst

## 51. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—500 krónum, og skal sekta bæði smíð og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í bæjarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rífið á hans kostnað. Sé um brot á 49. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri, undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almeum lögreglumál.

## 52. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlzt gildi, þarf umræður bæjarstjórnar á tveim fundum hennar, samþykki bæjarstjórnar á breytingunni og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, sbr. lög nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um sama efni.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. ágúst 1943.*

**Björn Þórðarson.**

*Páll Pálmason.*

## GJALDSKRÁ

173

1. sept.

## fyrir heimæðar hitaveitu Reykjavíkur.

## 1. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera kr. 25.00 — tuttugu og fimm krónur — fyrir hverja 10 rúmmetra af upphituðu rúmmáli húsa samkvæmt utanmáli án frádráttar vegna súðar.

## 2. gr.

Ef fullur fjórðungur og allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum hæðar er ekki hitaður, skal reikna heimæðagjaldið af hálfri hæðinni, en sleppa hæðinni ef hún er hituð að minna en  $\frac{1}{4}$  hluta. Þó skal hvergi reikna lægra heimæðagjald fyrir hús, en sem svarar af hálfri hitaðri hæð.

## 3. gr.

Gjalddagi heimæðagjaldsins er 1. nóvember 1943. Þó má fjölga gjalddögum, þannig að þeir verði 5, hinn 1. nóvember ár hvert árin 1943—1947 og greiðist þá  $\frac{1}{5}$  hluti hverju sinni.

Greiða skal 6% ársvexti af þeim hluta gjaldsins, sem ekki er greiddur 1. nóvember 1943 og jafnframt skal húseigandi undirrita skuldarviðurkenningu til bæjarsjóðs (hitaveitunnar).